

Borgarstjórn
5. maí 2020

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um að fallið verði frá lokunum á göngugötum

Borgarstjórn samþykkir að fallið verði frá lokunum á göngugötum, Laugaveg frá Klapparstíg að Ingólfsstræti, Vegamótastíg frá Laugavegi að Grettisgötu, Skólavörðustíg frá Bergstaðastræti að Laugavegi, sem samþykkt var fram á fundi skipulags- og samgöngunefndar þann 29. apríl sl. með fjórum greiddum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata.

Greinargerð:

Í bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. apríl sl. segir:

Reynsla síðustu 9 ára af Laugavegi sem göngugötu á sumrin hefur verið góð. Enda hefur það fyrirkomulag notið stuðnings mikils meirihluta borgarbúa ef marka má fjölda kannana sem gerðar hafa verið. Göngugötu er mjög algengar víða um heim. Það hefur nær alls staðar sýnt sig að þær efla mannlíf, minnka mengun og styrkja rekstraraðila. Tillagan er í takt við stefnu meirihlutans í borgarstjórn. Hún byggir á deiliskipulagi Laugavegs sem göngugötu, fyrsti áfangi, samþykkt 18. febrúar 2020. Götturnar verða opnar fyrir akstur vegna vöruafgreiðslu virka daga frá 7.00 til 11.00 og laugardaga frá kl 8.00 til 11.00. Í samræmi við 1.mgr 84. gr umferðarlaga nr. 077/2019 hefur tillagan þegar verið borin undir lögreglu höfuðborgarsvæðisins sem hefur samþykkt hana.

Af þessu tilefni bókaði fulltrúi Miðflokksins svohljóðandi:

Það er öllum nóg boðið í lokunarárættu borgarstjóra og meirihlutans. Allar tillögur um að hafa miðbæinn opinn fyrir bílaumferð er hafnað. Til að bíta hausinn af skömminni var akstursstefnu breytt á Laugarveginum. Mikið ákall er frá rekstraraðilum og íbúa að falla frá þeirri ákvörðun. Ekkert er hlustað. Meira að segja er ákall vegna COVID-19 að aðgengið sé gott fyrir fjölskyldubílinn að þessu svæði. Borgarstjóri varð sér algjörlega til skammar þegar hann tók upp á því að fara að blanda sér í ákvarðanir sóttvarnalæknis og landlæknis sem sýnir firringuna sem sá maður er að kljást við. Glerhúsið sem borgarstjóri og meirihlutinn býr í er orðið mjög stórt og bergmálið þar inni algjört. Meirihlutinn kys að vera í stríði við allt og alla. Þessi ákvörðun er mikil ögrun við rekstraraðila og íbúa svæðisins. Hægt er að snúa þessari þróun við með því að falla frá þessari ákvörðun og því er þessi tillaga lögð fram.